



Frá Kvenfélagi Garðabæjar

12. september 2018

Efni: Félagsheimilið Garðaholt

Stjórn Kvenfélags Garðabæjar þakkar framkvæmdir á líðandi ári, en telur mjög brýnt að endurnýja eldhús félagsheimilisins og ekki síður mikilvægt er að stækka bílaplanið við Garðaholt.

Stjórn gerir sér það ljóst að þetta eru kostnaðarsamar framkvæmdir sem við erum að fara fram á að bæjaryfirvöld setji á fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

Meðan félagsheimilið Garðaholt er nýtt sem samkomustaður fyrir margvísleg tilefni, skal bent á varðandi eldhúsið að það er rekið á undanþágu Heilbrigðiseftirlitsins og of lítið bílplan veldur margvíslegum vandræðum í þrengslum fólksbíla og rúta, einnig vegna lélegrar lýsingar.

Kvenfélag Garðabæjar er 65 ára í ár, af því tilefni förum við fram á stórframkvæmdir. Þess má geta að kvenfélagið hefur aldrei þegið styrki frá bæjasjóði, líkt og önnur félagsamtök í Garðabæ fá.

Við viljum að Garðaholti sé sýndur sá sómi sem því ber.

Með fyrirfram þökk

S. Helena Jónasdóttir, formaður

Erla Bil Bjarnardóttir, varaformaður